

<b>Kennari</b>	Pröstur Ásmundsson	<b>Sk.st.</b>	ÞRÁ
----------------	--------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í þessum byrjunaráfanga er sögunni fylgt í tímaröð frá fornöld fram til um 1800. Ýmis efni úr sögu Evrópu og Íslands valin, t.d. menningarheimur miðalda, víkingaöld og landnám Íslands, ný heimsmynd á tímum endurreisnar, vísindabyltingar, landafunda og siðaskipta um 1500. Lögð er áhersla á að nemandinn geti staðsett sig í samhengi sögunnar, sett sig í spor fólks frá ýmsum tímum og sjái tengsl við umhverfi sitt og samhengi á milli tímabila.

**Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu tímasteiðum mannkynssögunnar, hvað markar upphaf þeirra og endi og hvað einkennir þau
- helstu hugtökum og atburðum tímabilsins með sérstakri áherslu á Íslandssögu
- mismunandi menningarheimum
- undirstöðuatriðum sagnfræði sem fræðigreinar og mismunandi tegundum heimilda

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- greina meginþætti og álitamál í sögulegri framvindu
- leita eftir mismunandi sjónarhornum og mynda sér skoðun á sögulegum málefnum
- leita samhengis og tengsla milli tímabila
- meta orsakir og afleiðingar í sögunni
- tengja samtímaatburði við liðna tíma

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- sjá sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- setja sjálfan sig í samhengi sögunnar og í spor fólks á ýmsum tímum
- taka þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafningjum um söguleg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum
- skilja gildi og afstæði sögulegrar frásagnar og skýringa

**Námsgögn:**

Fornir tímar. Höf. Gunnar Karlsson, Útg. 2003 eða nýrri..

## SAGA2NM05 fjarkennsla Námsáætlun Vorönn 2022

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotun úmer	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni Lesi viðeigandi kafla, svara vel spurningum í verkefnum og skila	Vægi námsmatspáttá
Lota 1	Að læra sögu og læra af sögu	Lesi upphafskafli kennslubókar	8%
Lota 2	Grikkir	I.6-I.11	8%
Lota 3	Rómverjar	I.12-16	8%
Lota 4	Menning miðalda	II.2-4	8%
Lota 5	Þjóðveldið	II.5-12	8%
Lota 6	Mannlíf á Íslandi á miðöldum	II.13-16	8%
Lota 7	Sturlungaöld	II.17-18	10%
Lota 8	Síðmiðaldir, kreppa og plága,hrun Noregsveldis o.fl.	II.19-23	8%
Lota 9	Ný heimsmynd, siðaskipti o.fl.	III.1-5	8%
Lota 10	Endurreisn, landafundir o.fl.	III.6-9	8%
Lota 11	Líf í sveitum og borgum	IV.1-12	8%
Lota 12	Upplýsing, einveldi og byltingar	VI.1,11,12	10%

